

Ómótmælt er tekjuhækkun gerðarþola vegna áðurgreindrar oftalinnar fyrningar á hinni afsöluðu eign.

Af framangreindu leiðir, að ekki verður tekin til greina krafa gerðarþola um synjun hins umbeðna lögtaks á þeim grundvelli, að álagning hinna umkröfðu skatta hafi eigi stöð í lögum, og þar sem útreikningur skattanna, sbr. sundurliðun á rskj. nr. 2, er ómótmælt, verður að leggja hann til grundvallar. Eins og í gerðarbeiðni greinir, er lögtaks krafizt fyrir kr. 134.775.00, en undir rekstri málsins hefur verið greitt upp í kröfuna kr. 65.736.00, og verða eftirstöðvar hennar þá kr. 69.039.00.

Niðurstaða réttarins verður sú, að hið umbeðna lögtak skal fara fram fyrir kr. 69.039.00.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2.500.00 í málskostnað.

**Því úrskurðast:**

Hið umbeðna lögtak skal fara fram fyrir kr. 69.039.00. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Föstudaginn 14. desember 1956.

Nr. 123/1956. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Robert Labbeke** (Ágúst Fjeldsted).

**Dómendur:**

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Fiskveiðabrot.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á stað varðskipsins kl. 06.12 hinn 9. júlí 1956, sett hann á sjóuppdrátt og markað út frá honum stað togarans á sama tíma, og reyndist staður togarans um 1.3 sm fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Þá hefur skólastjórinn markað á sjóuppdráttinn stað dufls þess, sem varðskipið setti út í kjalfari togarans

kl. 06.37, og reyndist sá staður eftir hornamælingum, sem varðskipsmenn framkvæmdu kl. 11.40, kl. 12.50 og kl. 14.07 sama dag, 0.5—0.6 sm utan fiskveiðitakmarkanna. Frá kl. 06.12 til kl. 06.37 sigldi togarinn vestlæga stefnu út frá landi. Fjarlægðin milli hinna mældu staða togarans kl. 06.12 og kl. 06.37 er um 1.8—1.9 sm, og kemur sú vegalengd vel heim við líklegan hraða togarans á þessu tímabili. Sigling varðskipsins frá duflstaðnum kl. 14.45 og til kl. 16.37, þá er varðskipið gerði staðarákvörðun, samrýmist og vel staðarákvörðun duflsins. Samkvæmt því, er rakið var, og að öðru með skírskotun til héraðsdóms er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum í landhelgi með botnvörpu, og varðar brot hans við lagaákvæði þau, sem í héraðsdómi getur. Með tilvísun til þessa og með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem eigi hefur breytt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Robert Labbeke, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar og Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. júlí 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 11. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3280/1956: Ákærvaldið gegn Robert Labbeke, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði í máli þessu er Robert Labbeke, til heimilis í 39 Vissers Kaai í Oostende í Belgíu, skipstjóri á togaranum Van Oost, O 296, frá Oostende. Í ákæruskjali er hann sakaður um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara að morgni hins 9. þ. m. vestur af Reykjanesi innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952.

Ákærður er hann til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, til upptöku afla og veiðarfæra togarans og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. ágúst 1905 í Oostende, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr hér á landi, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Péturs Jónssonar, skipstjóra á varðskipinu Maríu Júlíu, eru málavextir þessir:

Mánudaginn 9. þ. m. var varðskipið á eftirlitsferð með fiskveiðitakmörkunum norður af Eldey, og var siglingarstefna þess r/v 339°. Kl. 06.00 sást togarinn Van Oost, O 296, á stjórnborða, og stýrði hann austlæga stefnu, en kl. 06.05 snéri hann út um til stjórnborða í vestlæga stefnu. Kl. 06.12 gerðu skipstjóri og I. stýrimaður varðskipsins eftirfarandi ratsjárathugun: Eldey r/v 134°, fjarlægð 10.0 sjómíllur, og um leið miðast togarinn r/v 345°, fjarlægð 4.5 sjómíllur, og gefur þetta stað togarans 1.2 sjómíllur fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Kl. 06.20 var stefnu varðskipsins breytt og haldið að togaranum, og samtímis var skotið lausu skoti. Kl. 06.25 var aftur skotið lausu skoti. Kl. 06.37 var sett út dufl í kjölfar togarans á 134 metra dýpi, og var togarinn þá að veiðum með stjórnborðsvörpu. Kl. 06.39 var farið að bakborðshlið togarans og tveir menn af varðskipinu settir um borð í hann. Kl. 07.18 var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði, skipstjóri togarans, sóttur. Sökum þess hve lágskýjað var, var eigi unnt að gera staðarákvarðanir með sextant, og var ákveðið að bíða, unz birti til. Kl. 11.40 var skyggni orðið gott, og gerðu þá skipstjóri og I. og II. stýrimaður varðskipsins eftirfarandi staðarákvörðun við dufl varðskipsins:

Keilir

> 23° 06'

Reykjanesviti

> 25° 56'

Eldey

Kl. 12.50 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við duflið:

Flugvallarviti	> 30° 07'
Reykjanesviti	> 25° 56'
Eldey	

Kl. 14.07 var enn gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

Flugvallarviti	> 30° 05'
Reykjanesviti	> 25° 56'
Eldey	

Gefa þessar mælingar stað duflsins 0.6 sjómíliur utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærða var boðið að gera staðarákvörðun með sextant við duflið, en hann hafnaði því. Aðspurður kvaðst ákærði hafa stýrt kompásvestur, eftir að hann snéri kl. 06.05, og hefur hann eftir því togað frá landi í rúma hálfu klukkustund. Ákærða var tilkynnt, að skip hans yrði fært til Reykjavíkur til frekari rannsóknar máls hans. Sigldu síðan bæði skipin þangað og komu til hafnar kl. 19.10.

Veður við töku togarans var NV 3—4 vindstig, skúrir fyrst, en síðan skýjað og gott skyggni. Sjólítið.

Þessa skýrslu skipstjórans hafa báðir stýrimenn varðskipsins, þeir Jón Strandberg I. stýrimaður og Guðni Pálsson II. stýrimaður, staðfest, þó þannig að hinn síðarnefndi kom eigi á stjórnvall fyrir en rétt fyrir kl. 06.20 og gat því eigi vottað um það, sem áður gerðist. Mælinguna kl. 06.12 gerðu skipstjóri og I. stýrimaður í sameiningu, og komu togarinn og Eldey glöggt fram í ratsjá varðskipsins, sem athuguð var í gær af dómkvöddum kunnáttumönnum og reyndist vera í góðu lagi. Áttaviti varðskipsins, sem einnig var notaður við þessa mælingu, var athugaður í gær af dómkvöddum kunnáttumanni og reyndist sömuleiðis í góðu lagi. Við þá athugun kom að vísu í ljós smávægileg breyting segulskekkju frá síðustu segulskekkjutöflu skipsins. Hafi sú breyting haft áhrif á mælinguna, hafa þau verið á þann veg, að staður togarans hefur mælt lítið eitt fjær landi en hann var, en hvort svo var eða eigi, þykir ekki geta orkað á úrslit þessa máls.

Hornamælingarnar þrjár gerðu skipstjórinn og báðir stýrimennirnir í sameiningu, lásu hornin af sextöntunum hver hjá

öðrum, margendurtóku hverja mælingu, og voru mælistaðirnir allir greinilegir.

Fyrst þegar skipstjóri, I. stýrimaður og einn háseti varðskipsins, sá sem var við stýrið, sáu togarann, var hann greinilega stjórnbörðsmegin við silgingarstefnu skipsins, r/v 339°, og þegar II. stýrimaður kom á stjórnvall, sá hann togarann á vesturtogi talsvert á stjórnbörða við siglingarstefnu varðskipsins. Toghraða togarans telja varðskipsforingjarnir hafa verið eðlilegan og venjulegan.

Ákærði neitar því að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Hann skýrir svo frá, að vörpunni hafi verið kastað, um  $1\frac{1}{2}$  kst. áður en hún var innbyrt, og hafi verið togað þann tíma. Kastað hafi verið langt fyrir utan fiskveiðitakmörkin og togað fyrst í norðvestlæga átt. Þegar togarinn hafi verið í um  $16\frac{1}{2}$  sjómílu fjarlægð frá Eldey, hafi stefnunni verið breytt í norðaustlæga til austlæga átt. Síðan hafi verið snúið til vesturs og togað í vestur, þar til varðskipið setti út duflið. Eigi athugaði ákærði, hve lengi var togað í hverja stefnu, en hann áleit togarann alltaf vera utan fiskveiðitakmarkanna, vegna þess að fjarlægðin frá Eldey hafi alltaf verið 16—17 sjómílu og dýpið minnst 74 faðmar. Hefur hann sérstaklega lagt á það áherzlu, að vegna dýpisins hafi hann verið öruggur um, að hann væri utan fiskveiðitakmarkanna. Hann kveðst vera kunnugur á þessum slóðum og oft hafa fiskað á þessu dýpi og í þessari fjarlægð frá Eldey án þess að varðskip, sem framhjá hafi farið, gerðu nokkra athugasemd. Hann heldur því fram, að vegna veltings varðskipsins og móðu yfir landinu hafi verið mjög erfitt að gera hornamælingar. Þetta telja varðskipsmenn ekki hafa við rök að styðjast, veltingurinn hafi ekki verið mikill og eigi torveldað mælingarnar, og þegar þær voru gerðar, hafi mælistaðir sést greinilega, svo sem áður segir. Boði varðskipsmanna um að gera sjálfur hornamælingar við duflið hafnaði ákærði, vegna þess, að hann segir, að hann þekki ekki þá staði á landi, sem mældir voru. Toghraða skips síns á þeim tíma, sem hér skiptir máli, segir ákærði hafa verið um 3 sjómílu á klukkustund. Stýrimaður og loftskeytamaður togarans hafa báðir borið vitni í máli þessu, en hvorugur þeirra gerði nokkra staðarákvörðun. Stýrimaðurinn skýrir svo frá, að þegar hann kom á stjórnvall togarans um kl. 08.00 eftir skipsklukkunni, en það tímamark sé þó engan veginn nákvæmt, hafi dýptarmælirinn staðið á 75 föðmum, og nokkru síðar þegar varðskipið setti út duflið, hafi hann séð í ratsjá togarans, að fjarlægðin til Eldeyjar var  $15\frac{1}{2}$  sjómíla, og hafi stefnan til Eldeyjar þá verið S a A  $1\frac{1}{2}$  A. Venju-

legan toghraða togarans segir hann vera 1 sjómílu á 20 mínútum.

Loftskeytamaðurinn kveðst um kl. 08.00 eftir skipsklukkunni hafa verið kallaður upp til þess að lesa á ratsjána, og hafi hún þá sýnt um 16 sjómílna fjarlægð frá Eldey. Hann athugaði fjarlægð duflsins frá Eldey, og var hún 15½ sjómíla.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að ákærði hefur eigi gert neinar öruggar staðarmælingar, heldur treyst á dýpið í sambandi við fjarlægð frá Eldey. Fá þessar athuganir hans og fjarlægðar- og dýptarathuganir stýrimanns og loftskeytamanns togarans eigi hnekkt áðurgreindum eiðfestum staðarmælingum varðskipsmanna, hvorki hornamælingunum við duflið né mælingunni kl. 06.12. Það er og fram komið, að togarinn byrjaði að toga vestlæga stefnu kl. 06.05 og hélt þeirri stefnu með venjulegum toghraða, allt þar til duflið var sett í kjölfar hans kl. 06.37 eða í um hálf klukkustund. Hafi hann togað með 3ja sjómílna hraða á klst., svo sem ákærði og stýrimaður hans halda fram, hefur hann á þessum tíma togað til vesturs ca 1½ sjómílu. Sé þannig einungis miðað við þetta tog og hinn margmælda stað duflsins, 0.6 sjómílu utan fiskveiðitakmarkanna, hefur togarinn verið innan takmarkanna í upphafi þessa togs. Ber þetta enn að sama brunni um sekt ákærða, og telur dómurinn fram komnar fullar sannanir fyrir því, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna, svo sem varðskipsmenn halda fram. Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 og með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og stærðar togarans, sem er 596 brúttó rúmlestir, hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allan afla og veiðarfæri togarans, þar með talda dragstrengi, ber að gera upptæk til handa sama sjóði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, hrl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómarari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Robert Labbeke, greiði 74.000.00 króna sekt til

Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri togarans Van Oost, O 296, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 14. desember 1956.

Nr. 86/1956. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Sveinbjörn Jónsson)

**gegn**

**Friðriki K. Sigfússyni og gagnsök**

(Ragnar Ólafsson).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Um ábyrgð rikissjóðs samkvæmt lögum nr. 110/1951.

Slysabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann, að dæmd fjárhæð verði lækkuð, enda verði þá málskostnaður í héraði felldur niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. júlí 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi 26. sama mánaðar. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 141.441.00 ásamt 6% ársvöxtum